

Flóahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
803 Selfoss

Garðabær, 3. október 2024
Málsnúmer: 202409-0029
MH

Efni: Breyting á aðalskipulagi Flóahrepps 2017–2029 vegna nýs vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis í Áshildarmýri

Vísað er til erindis Flóahrepps sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 13. september 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um breytingur á aðalskipulagi Flóahrepps 2017–2029 vegna nýs vatnsbóls og vatnsverndarsvæðis í Áshildarmýri.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér breytingatillöguna. Að mati stofnunarinnar mun breytingin ekki hafa í för með sér neikvæð áhrif á náttúruminjar á svæðinu. Stofnunin ítrekar þó fyrri ábendingu sem fram kom í umsögn um skipulagslýsingu breytingatillögunnar, dags. 31. júlí 2024. Þar var bent á að skipulagssvæðið er á nútímahrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013, um náttúruvernd. Hraunið sem um ræðir er Þjórsárhraun, sem er metið einstakt á landsvísu og jafnvel heimsvísu, sem eitt mesta hraun jarðar sem hefur runnið eftir ísöld. Vísindagildi hraunsins er hátt og óvíða er yfirborð þess jafn greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Vegna sérstöðu Þjórsárhrauns leggur Náttúrufræðistofnun til við sveitarfélagið að það varðveiti yfirborð hraunsins eins og kostur er á þeim stöðum þar sem það er enn óraskað.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við breytingartillöguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur